

Aðeins um horf í íslensku og rússnesku

Einar Freyr Sigurðsson og Ingunn Hreinberg Indriðadóttir

Við veltum fyrir okkur horfi og skoðum birtingarmyndir þess í íslensku og rússnesku. Nokkuð misjafnt er hvernig horf er skilgreint en þar skarast hugmyndir um verknaðargerðir sagna og það sem við köllum viðmiðunarhorf eða -gerð. Með viðmiðunarhorfi vísum við til þess að með notkun horfs fæst oft afstaða miðað við tíma: Með málfræðilegri tíð (svo sem þátíð) er tími skoðaður með hliðsjón af taltímanum, sbr. *Ég seldi bókina í gær* (þar sem salan á bókinni gerist á undan taltímanum) en viðmiðunarhorf bætir við einum afstöðupunkti til viðbótar, sbr. *Ég hafði klárað bókina þegar ég seldi hana í gær* (þar sem lesturinn er kláraður á undan sölunni). Verknaðargerðir sagna eða sagnliða fela í sér svokallaðar athafnir (*María teiknaði*), aðgerðir (*María teiknaði hring*), atburði (*María dó*) og ástand (*María á bíl*).

Í íslensku er horf táknað á annan hátt en t.a.m. í rússnesku sem táknar lokið og ólokið horf á kerfisbundinn hátt í beygingu. Samanburður á málunum tveimur er sýndur í (1)–(2). Í dæmi (1a) er fyrri sögnin, ‘las’, í óloknu horfi með framvindumerkingu. Seinni sögnin, ‘kom (inn)’, er í loknu horfi enda táknar hún verknað sem gerist aðeins einu sinni og truflar framvinduna sem fyrri sögnin lýsir, rétt eins og í íslenska dæminu í (1b).

- (1) a. Ivan čital knigu, kogda ja vošel.
Ivan las.ÓLOK.HORF bók þegar ég kom.inn.LOK.HORF
‘Ivan var að lesa bók þegar ég kom inn.’
b. María var að lesa bók þegar ég kom inn.
- (2) a. Ivan uže pročital knigu, kogda ja vošel.
Ivan þegar las.LOK.HORF bókina þegar ég kom.inn.LOK.HORF
‘Ivan var þegar búinn að lesa bókina þegar ég kom inn.’
b. María var búin að lesa bókina þegar ég kom inn.

Í dæmi (2a) eru báðar sagnirnar í loknu horfi en það eitt dugar ekki til að sýna viðmiðunarsamband verknaðanna tveggja, þ.e.a.s. í hvaða röð þeir gerast. Til þess er nauðsynlegt að hafa með tíðaratviksorð eins og t.d. *uže*. Ef engin tíðartilvísun væri til staðar væri eðlilegast að túlka dæmi (2a) sem svo að báðir verknaðir gerðust á sama tíma en sú merking er ótæk í þessu tilviki enda verknaðargerðir sagnliðanna ólíkar. Þótt báðir verknaðirnir hafi náttúrulegan endapunkt, táknar sagnliðurinn ‘lesa bók’ eitthvað sem tekur tíma en sagnliðurinn ‘koma inn’ táknar eitthvað sem gerist á augabragði. Í (3) og (4) má glöggva sig betur á þessu viðmiðunarsambandi.

- (3) a. Vaza upala na pol, kogda ja vošel.
Vasinn datt.LOK.HORF á gólfið þegar ég kom.inn.LOK.HORF
‘Vasinn datt á gólfið þegar ég kom inn.’

- b. Vasinn datt á gólfið þegar ég kom inn
- (4) a. Vaza uže dva raza upala na pol, kogda ja vošel.
Vasinn þegar tvisvar sinnum datt.LOK.HORF í gólfið þegar ég kom.inn.LOK.HORF
'Vasinn var búinn að detta tvisvar á gólfið þegar ég kom inn.'
- b. Vasinn var búinn að detta tvisvar á gólfið þegar ég kom inn.

Í dæmum (3) og (4) tákna báðir verknaðirnir sem eru í loknu horfi, 'detta á gólfið' og 'koma inn', atburði sem gerast á augabragði og útkoman er eðlileg í báðum tilvikum. Eina mögulega túlkunin á dæmi (3a) er sú að atburðirnir tveir gerist á sama augnabliki. Dæmi (4a) er sambærilegt dæmi (2a), þ.e.a.s. tíðaratviksorðið uže sýnir röð atburðanna.

Í fyrirlestrinum skoðum við samspil viðmiðunarhorfs og verknaðargerða sem fæst t.a.m. með samanburði á dæmum (1) og (2). Það er munur á sagnliðunum *María las* og *María las bókina*. Fyrri sagnliðurinn hefur ekki náttúrulegan endapunkt en sá síðari hefur slíkan endapunkt (sem fæst þegar bókin er kláruð). Þetta lýsir mismunandi verknaðargerðum (athöfn annars vegar og aðgerð hins vegar) og við gætum e.t.v. búist við að þetta hefði úrslitaáhrif á það hvort ólokið eða lokið horf væri notað. Engu að síður er hægt að nota sögnina 'lesa' í rússneska sagnliðnum 'las bók' (1a) í óloknu horfi. Við það er hinn náttúrulega endapunktur ekki fjarlægður, við getum m.ö.o. ekki átt við verknaðargerðina með því að nota ólokið horf, heldur er það viðmiðunarhorfið sem verður fyrir beinum áhrifum af notkun ólokins horfs: Verknaðurinn (sem hefur endapunkt) er „í gangi“ þegar ég kem inn.